





# ÓSBAKKI í Flóahreppi Deiliskipulag




Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2.000

SKÝRINGAR	
	Byggingarreitir
	Hreinsivirki, möguleg staðsetn.
	Vegir
	Núverandi hús
	Ný hús, möguleg staðsetning
	Lóð
	Skipulagssvæði



Skýringaruppráttur í mkv. 1:10.000



Aðalskipulag Flóahrepps 2017 - 2029 ATH skipta um upprátt

## 1. INNGANGUR

### Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið tekur til lóðarinnar Ósbakka (landnr. 165463) í Flóahreppi, sem hefur verið skipt úr landi Arabæjarhléiga. Í deiliskipulaginu eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús og hesthús/skemmu og gerð grein fyrir aðkomu. Samhlöða gerð deiliskipulagsins er gerð breyting á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029, þar sem landnotkun á svæðinu er breytt úr fristundasvæði F38 í landbúnaðarland.

### Grunngögn

Lofmýndir eru frá Lofmýndum ehf. Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Önnur landamerki eru af vef Þjóðskrár (skra.is, jan. 2019). Hnitsetning: ISN93.

### Skipulagsgögn

- i. Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2.000 sem sýnir lóð, aðkomuveg, byggingarreit og hugsanlega staðsetningu nýrra húsa.
- ii. Skýringaruppráttur í mælikvarða 1:10.000 sem sýnir aðliggjandi jarðir.
- iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029.

### Formmínjar

Formleifastofnun hefur unnið aðalskráningu formmínja í sveitarfélaginu. Engar þekktar formmínjar eru innan skipulagssvæðisins en finnast mínjar við framkvæmdir skal haft samband við Minjastofnun Íslands sbr. lög um menningarmínjar nr. 80/2012.

## 2. DEILISKIPULAG

### Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið tekur til rúmlega 2 ha landspildu, Ósbakka, sem liggur sunnan við Villingaholtssvegur (nr. 305). Landið er flatt en hallar lítillega til suðurs að Þjórsá. Samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðisstofnunar er svæðið skilgreint sem tún og akurlendi. Landbúnaðarland hefur verið flokkað í Flóahreppi og skv. niðurstöðum þeirrar flokkunar er svæðið í flokki I og II og því er um gott ræktunarland að ræða.

### Aðkoma

Aðkoma er af Suðurlandsvegi austan við Selfoss, um Villingaholtssvegur (nr. 305), sem er tengivegur.

### Byggingarskilmálar

Innan byggingareits B1 er heimilt að byggja allt að 350 m<sup>2</sup> hesthús/skemmu. Mænishæð getur verið allt að 7,0 m m.v. gólfkóta  
Innan byggingareits B2 er heimilt að byggja allt að 150 m<sup>2</sup> íbúðarhús. Mænishæð getur verið allt að 6,0 m m.v. gólfkóta.

Mænistefna er frjáls en gæta skal innbyrðis samræmis milli bygginga. Efnisval skal vera vandað. Reynt verður að fella byggingar sem best að umhverfinu. Vanda skal frágang bygginga, bílastæða og lóða. Forðast skal áberandi útlýsingu.

### Veitur

Svæðið er tengt vatnsveitu Flóahrepps. Frárennsli verður leitt í hreinsivirki sem samnýtt verður eftir því sem hagkvæmt er og skal frágangur vera vandaður, sbr. einnig reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Tryggja skal gott aðgengi til tæminga. Möguleg staðsetning hreinsivirkis er sýnd á upprætti. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið, nema samkomulag sé um aðra legu. Sorphröð er samkvæmt reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

## 3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

### Hönnun og upprættir

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

### 4. UMHVERFISÁHRIF

Uppbygging á svæðinu er talin hafa óveruleg áhrif á samfélag þó líklegt sé að íbúum muni fjölga. Áhrif á land eru helst þau að gott ræktunarland er tekið undir mannvirki og vegagerð. Í aðalskipulagi Flóahrepps segir að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands. Áhrif á land eru þó talin vera óveruleg þar sem nýjar byggingar eru í nálægð við núverandi byggingu og vegir verða í jarðri lóðarinnar til að skerða ræktunarland sem minnst. Ásýnd svæðisins breytist með tilkomu nýrra bygginga en áhrif eru óveruleg þar sem haldið er í það byggðamynstur sem fyrir er og stutt er í byggingar á næstu jörðum. Engar þekktar formmínjar eru innan skipulagssvæðisins en finnast áður óþekktar mínjar skal haft samráð við Minjastofnun um framkvæmdir.

Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. \_\_\_\_\_  
Deiliskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_  
Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps \_\_\_\_\_  
F.h. sveitarstjórnar Flóahrepps \_\_\_\_\_  
Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_

## ÓSBAKKI í Flóahreppi

### Deiliskipulag

	Verk: 8054-001	Dags: 29.01.2020
	Mkv. 1:2.000 í A3	Breytt:
	Unnið: GLS	Rýnt: IS, VPH
	Samþykkt:	<b>TILLAGA</b>